

REGLUGERÐ

um greiðslu kostnaðar vegna prestsþjónustu við útfarir, grafartöku og árlegt viðhald legstaða.

1. gr.

Kirkjugörðum eða kirkjugarðasjóði ber að greiða kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir, grafartöku og árlegt viðhald legstaða.

Greiðsluskyldur útfararkostnaður er:

Þóknun til prests og annar kostnaður samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma fyrir kistulagningarbæn og útför.

Eðlilegur kostnaður við grafartöku.

Kirkjugarði ber að sjá um eða greiða eðlilegan kostnað við árlegt viðhald legstaðar, svo sem hreinsun hans, hirðingu trjáa og annars gróðurs og smávægilegar lagfæringar á leiði, minnismerki eða öðru, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Ofangreind greiðsluskylda hvílir á kirkjugarði þar sem jarðsett er. Greiðsluskylda vegna andláts barns sem eigi hefur greitt kirkjugarðsgjöld hvílir einnig á kirkjugarði þar sem jarðsett er.

Skylda til greiðslu aksturskostnaðar vegna prestsþjónustu, ef honum er til að dreifa, takmarkast við fjárhæð sem miðast við 12 km í þéttbýli vegna útfarar, 12 km vegna kistulagningar í þéttbýli, ef um sérstaka ferð er að ræða og enn fremur 12 km ef prestur kemur að jarðsetningu duftkers í grafreit í þéttbýli.

Aksturskostnaður vegna kistulagningarbænar og útfarar í dreifbýli er að hámarki 1/3 af kostnaði vegna þóknunar prests skv. gildandi gjaldskrá fyrir kistulagningarbæn og útför, enda hafi akstur verið yfir 24 km.

Ef jarðsett er í löglegan heimagrafreit greiðir kirkjugarður sömu sóknar eðlilegan grafarkostnað. Kirkjugarði ber eigi að greiða kostnað við viðhald legstaða í heimagrafreit.

3. gr.

Ef telja má að greiðsla útfararkostnaðar samkvæmt reglugerð þessari sé fjárhag kirkjugarðs ofviða, ber kirkjugarðasjóði að greiða nefndan kostnað, að ósk viðkomandi kirkjugarðsstjórnar. Kirkjugarðsstjórn ber að leggja fullnægjandi gögn um fjárhag kirkjugarðs fyrir stjórn kirkjugarðasjóðs ef þess er farið á leit.

Fari stjórn kirkjugarðs þess á leit er stjórn kirkjugarðasjóðs heimilt að ákveða að greiða útfararkostnað samkvæmt reglugerð þessarari, sem falla kann á kirkjugarðinn um tveggja ára skeið í senn, án undangenginnar umsóknar hverju sinni.

4. gr.

Biskup sker úr ágreiningi um greiðsluskyldu og fjárhæð greiðslna samkvæmt reglugerð þessari. Skjóta má úrlausn hans til dóms- og kirkjumálaráðherra.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 9/1994 um greiðslu útfararkostnaðar o.fl.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. janúar 2005.

Björn Bjarnason.

Hjalti Zóphóníasson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.